

STARFSREGLUR
um breytingu á starfsreglum um val og veitingu prestsembætta
nr. 144/2016, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verður á 7. gr. starfsreglnanna:

- a. 1. mgr. orðast svo:

Kjörnefnd prestakalls er kosin á aðalsafnaðarfundi eða safnaðarfundi á fjögurra ára fresti. Sóknarnefnd ber að kanna fyrir hvern aðalsafnaðarfund eða safnaðarfund, ef svo ber undir, hvort einhver sóknarmaður í kjörnefnd hafi flutt lögheimili sitt úr sókninni eða misst kjörngengi sitt af öðrum ástæðum. Ef svo er ber að kjósa nýja fulltrúa í kjörnefnd svo sú nefnd verði á öllum tímum skipuð til samræmis við 11. mgr. Sama gildir ef fleiri en ein sókn er í prestakalli. Í kjörnefnd skulu einungis sitja sóknarmenn úr þeirri sókn sem kýs kjörnefnd viðkomandi prestakalls. Sama gildir ef fleiri en ein sókn er í prestakalli.

- b. lokamálsliður 2. mgr. orðast svo:

Varamenn hverrar kjörnefndar skulu aldrei vera færri en ellefu. Þó er heimilt að kjósa allt að sama fjölda varamanna og fjöldi aðalmanna er í kjörnefnd.

- c. 11. mgr. orðast svo:

Sóknarnefndir skulu sjá til þess að fulltrúar í kjörnefndir séu kosnir samkvæmt starfsreglum þessum og að jafnan sé til staðar sá fjöldi aðalmanna og varamanna sem áskilinn er. Sóknarnefndum ber að upplýsa prófasta árlega, sbr. 1. mgr., um stöðu á skipun kjörnefnda svo prófastar geti gengið úr skugga um að kjörfundir megi verða löglegir. Kjör telst ekki gilt nema kjörnefnd sé skipuð að lágmarki tveimur þriðju fulltrúa á fundi þar sem kosið er til prestsembættis.

2. gr.

10. mgr. 8. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Sá umsækjandi telst hafa hlotið kosningu í prestsembætti sem hlýtur meirihluta gildra atkvæða, miðað við fullskipaða kjörnefnd, í leynilegri atkvæðagreiðslu á kjörnefndarfundi. Atkvæði skal meta ógilt ef kjörseðill er auður. Ef enginn fær meirihluta gildra atkvæða, skal kosið að nýju um þá tvo sem fengu flest gild atkvæði. Kjósa má milli þeirra tveggja svo oft sem þurfa þykir.

3. gr.

- Við 9. gr. starfsreglnanna bætast tvær nýjar málsgreinar:

Hafi enginn umsækjenda hlotið meirihluta gildra atkvæða, miðað við fullskipaða kjörnefnd, er biskupi heimilt að skipa í embættið þann sem hann metur hæfastan, framlengt umsóknarfrest eða ákveðið að auglýsa embættið að nýju.

Hafni meirihluti kjörmannna umsækjendum með því að skila auðum kjörseðlum er biskupi ekki heimilt að veita embættið. Skal þá embættið auglýst að nýju, sbr. 3. gr.

4. gr.

- Við 3. málslíð 1. mgr. 13. gr. starfsreglnanna bætast orðin: , sbr. þó 3. mgr. 15. gr.

5. gr.

- Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða við starfsreglurnar:

- a. 4. og 5. málsl. 1. mgr. falla brott.
 b. Ný 3. mgr. orðast svo:

Hafi kjörnefnd prestakalls ekki verið kosin í samræmi við 1. mgr. 7. gr. skal kosið til hennar að nýju eins fljótt og verða má eftir gildistöku starfsreglna þessara.

Nr. 1024

23. nóvember 2017

6. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi við birtingu.

Reykjavík, 23. nóvember 2017.

Magnús E. Kristjánsson, forseti kirkjuþings.

B-deild – Útgáfud.: 27. nóvember 2017